



## SAMÞYKKT UM TILNEFNINGU FULLTRÚA FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA Í STJÓRNIR SJÓÐA Í SAMRÆMI VIÐ LÖG KÍ

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8. - 9. maí 2014 felur stjórn FG að óska eftir tilnefningum eða framboðum frá félagsmönnum FG í stjórnir Sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, Orlofssjóðs og Verkefna- og námsstyrkjasjóðs (Vonarsjóðs). Fundurinn samþykkir að á fyrstu samráðsfundum stjórnar FG og svæðaformanna eftir aðalfund félagsins verði fulltrúar FG til þessara trúnaðarstarfa tilnefndir eins og kveðið er á um í lögum KÍ. Hætti tilnefndur aðili eða komi til þess að tilnefning verði afturkölluð, ber sömu aðilum að tilnefna nýjan í staðinn.

Þetta fyrirkomulag verði til endurskoðunar á aðalfundi FG 2018.